

Kynningar- og fræðslumál á sviði úrgangsstjórnunar

Ragna I Halldórsdóttir
Deildarstjóri
gæða- og þjónustusviðs SORPU bs.







Í dag mun ég fjalla um

- Sjálfbær þróun
- Hvað ber okkur að gera
- Umhverfismennt
 - Námskrá
- Fræðsla
- Kynningarmál
 - Ráðstefna á Bretlandi
- Staðan – framhaldið
- Að tala einum rómi
- Að ná árangri
- Verkefni okkar er





“Við fengum Jörðina ekki í arf frá
forfeðrum okkar, við fengum hana að láni
hjá börnunum okkar”

(Máltæki frá indíánum)

Eða

Sjálfbær þróun =

“þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum
okkar án þess að stefna í voða möguleikum
komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum”

(*Brundtlandskýrslan 1987*)





Sjálfbær þróun – staðardagskrá 21




- Staðardagskrá 21 er ekki á hvers manns vörum eða auðskilið hugtak!
- Þekkir fólk þetta hugtak – er það almennt í okkar umhverfi – umræðu?
- Um 24,4% höfðu ekki einu sinni heyrt um sjálfbæra þróun og um 75% svarenda töldu sig ekki vita hvað Staðardagskrá 21 væri.





Hvað ber okkur að gera?

- Í alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa undirritað er sagt að fræðsla sé mikilvægur þáttur í að koma á sjálfbærri þróun og til þess að auka getu fólks til að takast á við umhverfisleg og þróunarleg málefni.
- Lögð áhersla á fræðslu í hinu hefðbundna skólakerfi, á vinnumarkaði og fræðslu til almennings. Þetta allt sé nauðsynlegt til að stuðla að breyttu viðhorfi fólks. Hið breytta viðhorf sé svo forsenda þess að hægt sé að koma á sjálfbærri þróun.
- Til þess að endurskipuleggja menntun í átt til sjálfbærrar þróunar er lögð áhersla á að flétta fræðsluna inn í alla þætti menntunar og beita sem fjölbreyttustu aðferðum.
- Til þess að auka skilning og vitund þarf umhverfismennt að vera tengd öllu skólastarfi frá fyrsta skólastigi barnsins og svo alla ævina hjá öllum þjóðfélagshópum.
- Til þess að umhverfismennt beri árangur þarf jafnt að fást við hið vistfræðilega, félagslega og efnahagslega, hinar þrjár stoðir sem sjálfbær þróun byggist á.







Umhverfismennt

- Umhverfismennt er lykilatriði svo að bæði markmið náttúruverndar og menntunar nái fram að ganga.
- Umhverfismenntað fólk tekur tillit til umhverfis og náttúru í daglegu lífi og störfum.
- Það þekkir rétt sinn og skyldur í lýðræðisþjóðfélagi t.d. hvað varðar skipulagsmál og alþjóðasamninga og er fúst til að leggja sitt af mörkum til að ýmis markmið í umhverfismálum náist.
- Íslendingar verða að læra að elska og umgangast land sitt og náttúru, Jörðina alla og íbúa hennar. Ekki bara til að verða gjaldgengir í samfélagi þjóðanna eða til þess að komandi kynslóðir hafi sömu möguleika til lífs og núlifandi heldur líka til að styrkja sjálfsmynd, virðingu og vellíðan hvers einstaklings.
- Að ungt fólk nútímans geti verið stolt af því hvað við gerum, og hverju við sleppum, að það geti horfst í augu við framtíðina og geti síðar meir horfst stolt í augu við barnabörnin sín.

Úr erindi Sigrúnar Helgadóttur, verkefnistjóra Grænfanaverkefnisins
Sem flutt var áráðstefnunni "Umhverfismennt á hverju strái", 10. mars 2005





Námskrá

- Hugtakið umhverfismennt er sparlega notað og hvergi gerð tilraun til að skýra það nema í námskrá grunnskóla fyrir náttúrufræði.
- Umfjöllun um umhverfismenntun mætti vera meiri og markvissar.
- Námskrá er í endurskoðun og á að koma út fyrir haustið 2006.
- Á umhverfisfræðsla að vera sér fag í skólum eða stutt betur í samþættingu faga.
- Getur FENÚR á einhvern hátt haft áhrif hér?





Fræðsla

- Hvert er hlutverk SORPU?
 - Í stofnsamningi kemur fram að SORPA skuli “sinna kynningu á verkefnum SORPU bs. og gildi umhverfissjónarmiða við meðhöndlun sorps”
 - Með hvað hætti gerum við það
 - Fræðslu til almennings og skóla
 - Móttaka skólahópa og annarra hópa
 - Svörum fyrirspurnum
 - Höldum út vel virkri heimasíðu
 - Auglýsum og hvetjum almenning og fyrirtæki til vinna með okkur við flokka og skila úrgangi í endurnýtingarfarvegi





Fræðsluferðir til SORPU

- Skipulagðar fræðsluferðir
 - Um 500 - 700 leikskólanemar og 1500 grunnskólanemar á ári.
 - Kennaraupplýsingar og annað útgefið efni má finna á heimasíðu www.sorpa.is
 - Fræðsluefni
 - Litabók
 - Við og umhverfið
 - Almanak SORPU
 - Flokkunartafla
 - Fyrir almenning
 - Fyrir fyrirtæki





Samstarfs við vinnuskóla



- Nemendur vinnuskóla hafa komið í fræðslu til SORPU allt frá árinu 1995
 - Tekið á móti um 500 - 1000 nemendum árlega.
 - Vinnuskóli Reykjavíkur sá sér ekki fært að nýta boð SORPU og koma með nemendur í fræðslu þrátt fyri breytt fyrirkomulag – fræðslan færð í Álfsnes.
 - Aldrei of oft kveðið...





Fræðsla og samstarf

Fyrirtæki og skólar geta unnið saman að fræðslu – verkefnum en það þarf að hafa í huga:

Börnin þurfa að hafa gulrót – þarf ekki að vera stórt og merkilegt til þess að það skilli árangri.

Dæmi frá Bretlandi: Eftir fræðslu fengu nemendur póstkort sem þeir áttu að fara með til foreldra og þeir áttu að merkja við í reit.


Við endurvinnnum.

Við endurvinnnum ekki.

Barnið átti síðan að skila kortinu aftur í skólann og fékk þá “endurvinnslu” blýant. Hátt í 90% tóku þátt.

Þegar skólar eru fengnir til að taka þátt í samkeppnum, þarf að hafa í huga:

Að verðlauna skólann með einhverjum hætti. Skólum bjóðast að taka þátt í endalausum samkeppnum og því þarf einnig að vera gulrót fyrir þá.







Kynningarmál – ráðstefna á Englandi

Raising Public Awareness of Recycling 19 janúar.


- Fyrirlesari frá Defra (the Department for Environment, Food and Rural Affairs), ráðuneyti í Bretlandi, fjallaði um hlutverk stofnunarinnar í að auka meðvitund almennings um endurvinnslu. Þeir leggja 10 milljón pund í herferð sem stendur yfir frá september 2004 – mars 2006.
- Herferðin er sett upp af WRAP (the Waste & Resources Action Programme) sem var stofnað 2001 til þess að koma móts við þær leiðir sem settar eru fram í áætlun ríkisstjórnarinnar til að stuðla sjálfbærri úrgangsstjórnun. (UK Government's Waste Strategy 2000)
- Herferðin á að stuðla að aukinni þátttöku almennings í minnkun úrgangs og endurvinnslu. (The initiative represents part of the Government's response to the Strategy Unit's review of waste strategy "Waste Not, Want Not" 23.)







Kynningarmál – ráðstefna á Englandi

Herferðin á að auka skilning hjá minnst 10% almennings í landinu um að hann verði eða ætti að endurvinnna. Skilaboðin eiga að vera að það sé einfalt að endurvinnna, allir geta gert það og í þágu okkar allra. Þessu skilaboðum á að koma á framfæri á jákvæðan og raunsæjan hátt í gegnum fjölda miðla. Markmiðið er að auka meðvitund allra landsmann í Englandi um endurvinnslu.



“Local” aðilar, t.d. sambærilegir aðilar og Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur og SORPA, geta nýtt sér miðla herferðarinnar, t.d. auglýsingar o.fl. til þess að kynna málið enn frekar á sínu svæði. Þannig verður kynningin markvissari og herferðir styðja hver aðra. Eitt verkfæri, ein rödd sem talar sama máli til allra og allir eiga að skilja og geta tekið til sín. Þetta eru markmið sem á að ná á landsvísu, ekki aðeins á “höfuðborgar-svæðinu”.





creating markets for recycled resources

Search WRAP
enter search term [Go]



- Waste Minimisation
- Materials
- Business & Finance
- WRAP
- News
- Events
- Publications
- Procurement

[Home](#) > [About WRAP](#) > WRAP and RecycleNow

- About WRAP
- WRAP and RecycleNow
- Employment
- Funders and Grants

WRAP and RecycleNow

The Recycle Now campaign is the product of WRAP's Communications and Awareness programme.



Communication and Awareness Priorities

- to ensure all communications campaigns funded by WRAP have a clear focus and link activities to outcomes;
- to develop and deliver a small number of practical messages to help build public awareness not just of the waste issue but what they can do about it;
- to liaise effectively with key retailers and win their collaboration and support for this targeted approach;
- to build high-quality relationships with, and provide funding to, local authorities – the key facilitators of recycling and waste minimisation activities at the local level;
- to achieve similar levels of engagement with non-profit and other delivery bodies that have the support of local authorities.

RecycleNow Partners
 A complete resource kit for local authorities and other organisations wanting to use the Recycle Now iconography, PR resources and advertisement templates.
[RecycleNow Partners](#) →

Communication and Awareness Targets

- to generate a minimum increase of 10% in the public perception of recycling as a "must or should do" activity following national



Hvað gerum við?


- SORPA og önnur sveitarfélög og fyrirtæki í bransanum hafa nánast alfarið séð um kynningu á meðhöndlun úrgangs og endurnýtingu
- Ábyrgðin hefur að miklu leiti legið á herðum þessara aðila
- Má doka við hér og spyrja hvort ekki sé þörf á viðlíka samvinnu á Íslandi og kynnt var í London og hvort við gætum náð meiri árangri í að auka umhverfisvitund almennings ef kynningarmál yrðu samræmd með einhverjum hætti?
- Með tilkomu laga/reglugerða um meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjald er eðlilegt að spyrja hvernig stjórnvöld hyggist kynna málaflokkinn og þau markmið sem eiga að nást.
**Hver er t.d. ábyrgur fyrir því að kynna fyrsta boðorðið:
Að draga úr myndun úrgangs?**





Staðan - framhaldið

- Það hefur örlað örlítið á því að mönnum finnist SORPA kynna of mikið og rugla íbúa annarra sveitarfélaga varðandi hvernig á að meðhöndla heimilisúrgang – hverju á að flokka og skila?
- Er orðið tímabært að tala einum rómi og senda út samræmd skilaboð um þau markmið sem eru okkur sameiginleg á landsvísu?





Að tala einum rómi

- Að tala einum rómi
 - Hvað skal kynna?
 - Hver skal standa að þessu með okkur?
 - Umhverfisráðuneytið
 - Umhverfistofnun
 - Á að koma mótað kynningarefni frá þessum aðilum sem við getum nýtt okkur í okkar starfsemi, sbr “Að tala einum rómi”
 - Ráðstefnan “Raising Public Awareness of Recycling” 19 janúar 2005.
 - Gæti komið sér að hafa heildstætt kynningarefni samhliða vinnu við að ná fram markmiðum svæðisáætlunar sveitarf.
 - Hvert er hlutverk Úrvinnslusjóðs þegar kemur að úrgangsflokkum er falla undir sjóðinn?





Að ná árangri


- Við hvað er að etja
 - Skilaboð sem fólk er að meðtaka á degi hverjum hafa margfaldast

1950	2004	
500	30.000	vörumerki
1	212	sjónvarpstöðvar
50	2904	skilaboð á dag



Bresk könnun

Human bandwidth is the problem - it's finite






Verkefni okkar er...


Því má segja að við höfum ærið verkefni framundan við að fá almenning til að meðtaka þau skilaboða sem við viljum senda þeim.

Einföld og frumleg skilaboð sem ná til almennings, vekja athygli, eru öðruvísi og viðfangsefnið getur tengt við sitt daglega líf.

Skapa upplifun, skapa samkennd. Ef mér er ekki sama, þá bregst ég við og geri eitthvað.

Og þessu þarf að koma til skila OFT





Everyone thinks of changing the world
but no one thinks of changing themselves



Hjálpumst að við að bæta umhverfið!

„Mörg lítil verk sem margt lítið fólk vinnur
á mörgum litlum stöðum, geta breytt
heiminum.“

(Kínverskt máltaeki)

